

Samantekt

Skref 6 í sex skrefa áætlun

(Eitt A4-blað)

Fyrirtæki: Skriffinnskuskristofan , Vatnastígshraungata 5 B

30.apríl 2007

Hvar: Áhættumat var framkvæmt á skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins. Starfssemin telur inngang, afgreiðslu, átta skrifstofur, tvö salerni, kaffistofu, ljósritunar- og prentaraherbergi. Alls vinna 12 manns á skrifstofunni. Skrifstofur hafa til aðgreiningar hver sitt númer við gerð áhættumatsins.

Hvenær: Áhættumat var framkvæmt 20-25 apríl 2007.

Hverjir: Jón Jónsson öryggisráðgjafi og Guðrún Jónsdóttir öryggisvörður sáu um framkvæmd áhættumatsins.

Hvernig: Stuðst var við Vinnuumhverfisvísi fyrir skrifstofur. Allir starfsmenn fengu tækifæri til að koma með ábendingar.

Samantekt

Núna er þunguð kona starfsmaður skrifstofunnar. **Áhættan er metin há.** Áætlað er að kynna öllu starfsfólki reglur sem gilda fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. Athuga strax með að færa starfskonu til á vinnustaðnum.

Gólfefni á skrifstofu 3 er mjög slitið og töluverð hættu á að starfsfólk geti hrasað auk þess sem álag við þrif eykst. **Áhættan er metin há.** Skipta þarf um gólfefni sem fyrst eða fyrir 30. maí 2007.

Vantar viðbragsáætlun vegna hugsanlegs eineltis og ofbeldis á vinnustaðnum. **Áhættan er metin há.** Útbúa skriflega viðbragsáætlun. Gera fyrir 30. maí 2007.

Ljós á neyðarskilti vantar og betri lýsingu við umferðaleiðir utanhúss. **Áhættan er metin há.** Áætlað að bæta fyrir 15. maí 2007.

Engin neyðaráætlun. **Áhættan er metin há.** Afla upplýsinga um innihald og gerð slíkrar áætlunar og framkvæma fyrir 30. júní 2007.

Áhætta var metin meðal, þar sem: Vinnuverndarstarfi er ábótavant, skráningu slysa er ábótavant, vantar sólarfilmur á nokkra glugga, vantar öryggisblöð yfir hættumerkt efni og læstan skáp. Þarf að snúa borðum til að forðast glampa á tölvuskjám. Það vantar léttitæki, þjálfun í líkamsbeitingu og neyðaráætlun. **Áætluðum lausnum og tímamörkum á úrbótum fyrir meðaláhættu er lýst á skráningar og aðgerðaáætlunar-eyðublaði.**

Áhætta var metin lág á ýmsum stöðum:

Áætluðum úrbótum og tímamörkum er lýst á skráningar og aðgerðaáætlunar-eyðublaði.

Áætluð endurskoðun á áhættumati: apríl 2008